

Mál nr. 275/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á tröppum í október - nóvember 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.12. 2002.
2. Tölvupóstssamskipti M og vátryggingafélagsins.
3. Bréf frá pípulagningarmeistara, dags. 15.10. 2002.
4. Bréf vátryggingafélagsins til tjónanefndar, dags. 10.09. 2002.
5. Vátryggingarskilmálar.
6. Teikningar viðkomandi fasteignar.
7. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar, dags. 02.01. 2003.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1009/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M lætur þess getið m.a. að fyrir u.þ.b. tveimur árum hafi farið að leka úr hitalögn í tröppum fasteignar hans, með þeim afleiðingum að tröppur og flísar sprungu. Hann telur bótaábyrgð vera fyrir hendi. Tröppur séu hluti fasteignar og myndi stofn við útreikning á iðgjaldi. Vátryggingin bæti skemmdir á vátryggðri húseign af völdum vatns, sem á upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Hann telur bæði um að ræða að lögnin sé inni í vegg og að veggurinn sé innan veggja hússins.

Vátryggingafélagið vísar til greinar 18.1 í skilmálum þar sem fram kemur að vátryggingin bætir eingöngu skemmdir af völdum vatns sem á upptök sín innan veggja húseignar. Það telur að tjónið eigi ekki upptök sín innan veggja hússins heldur utan þess. Tröppurnar séu utan veggja hússins.

Álit.

Samkvæmt skilmálum bætir vátryggingin skemmdir sem verða á vátryggðri húseign af völdum vatns, sem á upptök sín innan veggja húss og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að umræddur vatnsleki hafi ekki átt upptök sín innan veggja hússins í skilningi skilmála, heldur í tröppum utanhúss. Ekki hefur verið sýnt fram á að leggja skuli annan skilning til grundvallar.

Fyrirliggjandi er bréf pípulagningarmeistara sem athugaði vettvang fyrir u.þ.b. tveimur árum. Hann getur þess að rör (snjóbræðslukerfisins) hafi verið fest “með bindivír við járnagrindina, vírin hefur skorið gat á rörin víða, lögnin hefur frosið og rörir hafa víða skemmst.” Með vísan til þessa virðist frágangur snjóbræðslukerfisins hafa verið ábótavant. Með hliðsjón af framanrituðu virðist ekki unnt að rekja tjónsatburð máls þessa til skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum eða hitakerfi hússins.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 21. janúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.